Námsgrein: Myndmennt/Sjónlistir 6. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar og verklegar æfingar

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli. Við námsmat er einnig litið til umgengni, vinnulags og hvort fyrirmælum sé fylgt.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna: Áhersla er lögð á sköpun, sjálfbærni, fjölbreytileika, jafnrétti, mannréttindi og tjáningu. Nemendur fá tækifæri til að tjá eigin hugmyndir, skoðanir og upplifanir í gegnum myndlist og skapandi vinnu, virða ólík sjónarhorn og vinna með ábyrgri og meðvitaðri notkun efna. Áhersla er lögð á að allir nemendur fái að taka þátt, njóti sín á eigin forsendum og upplifi að hugmyndir þeirra og sjónarmið skipti máli. Unnið er meðal annars með Heimsmarkmið 4, 5, 10, 11, 12 og 13 og 2., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmálans, eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Verkefna mappa: Graffiti	Blýantur og ýmiskonar litir og pennar	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,	• Að nýta sér fjölbreyttan efnivið í eigin sköpun • Að þekkja ólíka tegund lista svo sem götulist
Listasaga: Impressionismi og Monet- Málverk	Ýmiskonar myndefni af netinu, blöð, blýantur, strigaspjöld, þekjulitir, olíupastel, penslar, blöndunarbakkar	• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. • getur nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, • fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur, • greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu, • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka	• Að vinna verk útfrá kynningu á völdum listamanni og stefnu • Að beita þekkingu í litafræði í eigin sköpun • Að geta bent á helstu sjónræna þætti, t.d. litaval og form sem eru ólíkir í tveimur verkum og útskýrt hvernig þeir hafa áhrif á útlit og tilfinningu verkanna á einfaldann hátt • Að greina nokkra frumþætti eins og lit og form í verkum listamannsins og velt fyrir sér hvernig þessir þættir geta haft áhrif á útlit listaverksins

			• Að þekkja valin listaverk eftir erlenda listamenn og listastefnur
Listasaga: Post Impressionismi og Vincent Van Gogh-Kyrralífsmynd	Blýantar, olíupastel og uppstillt fyrirmynd	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, • nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, • tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu, • fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur, • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka	• Að nýta sér fjölbreyttan efnivið í eigin sköpun • Að nota línur til að teikna og greina hlutföll í teikningu • Að tengja tilfinningar og reynslu við verk sitt með notkun mismunandi lita og áferðar • Að mynda eigin skoðanir um verk annarra og sagt frá þeim • Að þekkja valin listaverk eftir erlenda listamenn og listastefnur
Eins punkta fjarvídd	Reglustikur, blýantar, strokleður og ýmiskonar litir	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun • nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, • beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	• Að velja og nýta áhöld og verkfæri sem henta hverju sinni • Að beita þekkingu sinni til að skapa einfalt fjarvíddarverk frá einum punkti • Að þekkja hugtök sem tengjast frumþáttum sjónlista t.d. lína, rými, hvarfpunktur
Leir: Kertastjakar	Jarðleir, ýmisáhöld, glerungur.	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, • byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu, • unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.	• Að velja áhöld og verkfæri sem henta hverju sinni • Að lýsa hugmynd sinni með skissu sem inniheldur grunnatriði eins og hlutföll • Að þróa hugmynd með skissugerð

		• fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur, • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,	• Að segja frá eigin verkum og útskýra ferlið á bak við þau • Að bera kennsl á og átta sig á ólíkum tilgangi hönnunar í daglegur lífi
Andlitsteikning og hlutföll	Blöð með sýnidæmum, blýantar í ólíkri mýkt, nuddvöndull og pappír.	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, • nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun	• Að nýta sér fjölbreyttar aðferðir í eigin sköpun • Að nota einföld áhöld og verkfæri til að tryggja rétt hlutföll í teikningu •
Val um verkefni t.d. perla, leira, lita myndir.		• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,	• Að ýta undir persónulega sköpun út frá áhugasviði